

Greinargerð um starf Norrænu ráðherranefndarinnar að málefnum barna og ungmenna 2022–2023

Efnisyfirlit

1. SAMANTEKT	2
2. INNGANGUR	3
3. HVERNIG SVIÐIN Hafa UNNIÐ MEÐ SJÓNARMÍÐ RÉTTINDA BARNA OG MÁLEFNA UNGMENNA	5
BÖRN OG UNGMENNI ERU FORGANGSMARKHÓPUR HJÁ FLESTUM SVIÐUM	5
FLESTIR BENDA Á DÆMI UM ÞAÐ HVERNIG MÁLEFNI ÞEIRRA SNERTA BÖRN OG UNGMENNI	6
HJÁ NÆSTUM ÞVÍ HELMINGI SVIÐANNA ERU UNNAR ÍTARLEGAR GREININGAR	7
SJÓNARMÍÐ RÉTTINDA BARNA OG MÁLEFNA UNGMENNA FLÉTTUÐ INNÍ HINA ÝMSU FERLA	8
FLÉTTUÐ INNÍ STEFNUMÓTANDI SKJÖL MARGRA SVIÐA	10
EIGIÐ MAT Á EFLINGU SJÓNARMÍÐANNA Á TÍMABILINU	11
4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI SVIÐANNA	12
5. DÆMI UM VERKEFNI SEM UNNIN ERU FYRIR, MEÐ EÐA AF BÖRNUM OG UNGMENNUM	17
6. FYRIRSVAR BARNA OG UNGMENNA	19
7. STARF NORDBUK Á TÍMABILINU	20
8. NIÐURSTÖÐUR	22



1. Samantekt

Samkvæmt þverfaglegri stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna eiga börn og ungmenni að vera forgangsmarkhópur í starfi hennar. Átt er við börn og ungmenni á aldrinum 0–25 ára. Í stefnunni, eins og í stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og ungmenna, kemur fram að sjónarmið réttinda barna og ungmenna sé þverfaglegt sjónarmið sem haft skuli að leiðarljósi í öllu starfi ráðherranefndarinnar.

Annað hvert ár á Norræna ráðherranefndin að gera Norðurlandaráði og Norðurlandaráði æskunnar grein fyrir starfinu í tengslum við stefnuna. Til þessa hafa þrjár greinargerðir verið lagðar fram. Eftirfarandi greinargerð er sú fjórða í röðinni og í henni er farið yfir starfið á árunum 2022–2023.

Niðurstöðurnar eru:

- Börn og ungmenni eru forgangsmarkhópur í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Hjá næstum því helmingi sviðanna eru unnar ítarlegar greiningar á því hvernig málaflokkar viðkomandi sviðs tengjast börnum og ungmennumeða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Vinnan við að flétta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starfið á sér einkum stað í tengslum við skipulagningu og framkvæmd ýmissa verkefna og við samningu samstarfsáætlana og annarra stefnumótunarskjala.
- Öll fagsvið sem sérstaklega bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar hafa fléttað sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna inn í samstarfsáætlanir sínar.
- Dæmi um árangur sem náðst hefur í tengslum við verkefnasvið stefnunnar má sjá hjá ýmsum fagsviðum og á ólíkum sviðum.

Greinargerðin sýnir að vinnan við að flétta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starf Norrænu ráðherranefndarinnar hefur styrkst jafnt og þétt. Þó er þörf á að efla hana enn frekar til þess að ná settum markmiðum. Fleiri fagsvið þurfa að innleiða þetta sjónarmið í almenna starfsemi sína. Þau svið sem lengra eru á veg komin geta jafnframt skerpt á verklagi og þróað það frekar. Einnig er mikilvægt að efla verklag þar sem raddir barna og ungs fólks fá að heyrast á öllum stigum.

Þetta eru þær niðurstöður sem norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) mun taka með sér inn í vinnu MR-SAM við nýja samstarfsáætlun. Eigi Norðurlönd að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030 er mikilvægt að störf Norrænu ráðherranefndarinnar einkennist af því að öll börn og ungmenni skipti máli hér og nú, ekki aðeins í framtíðinni.



2. Inngangur

Samkvæmt þverfaglegri stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna, sem samstarfsráðherrarnir samþykktu árið 2016 og hefur verið framlengd til ársins 2024, eiga börn og ungmenni að vera forgangsmarkhópur í starfi ráðherranefndarinnar. Átt er við börn og ungmenni á aldrinum 0–25 ára.

Í stefnunni er reifað hvernig vinna eigi að þeirri framtíðarsýn að „Norðurlönd verði besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni“. Í henni, eins og í stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og ungmenna, kemur fram að sjónarmið réttinda barna og ungmenna sé þverfaglegt sjónarmið sem haft skuli að leiðarljósi í öllu starfi ráðherranefndarinnar. Jafnframt er í stefnunni bent á þrjú stefnumótandi aðgerðasvið sem öll fagsvið, en sérstaklega sex þeirra, skulu taka tillit til í starfi sínu:

1. Öflugur stuðningur við börn og ungmenni í áhættuhópum
2. Áframhaldandi samstarf og stuðningur við borgaralegt samfélag
3. Betri þekkingarmiðlun og aukin færniþróun

Annað hvert ár á Norræna ráðherranefndin að gera Norðurlandaráði og Norðurlandaráði æskunnar grein fyrir starfinu í tengslum við stefnuna. Til þessa hafa þrjár greinargerðir verið lagðar fram. Eftirfarandi greinargerð er sú fjórða í röðinni og í henni er farið yfir starfið á árunum 2022–2023.

Réttindi barna og málefni ungmenna er eitt af hinum þremur þverfaglegu sjónarmiðum í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Hin tvö eru jafnrétti og sjálfbær þróun.

Um greinargerðina

Greinargerðin er byggð á upplýsingum frá 16 fagsviðum og málefnasviðum innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Með það fyrir augum að einfalda lestur eru bæði formleg fagsvið og málefnasvið nefnd „svið“ í greinargerðinni.

1. Vinnumál (MR-A)*
2. Stafræn umskipti (MR-DIGITAL)
3. Fjármál (MR-FINANS)
4. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)



5. Stjórnsýsluhindranir (MR-SAM)
6. Sjálfbær þróun (MR-SAM)
7. Aðlögunarmál
8. Alþjóðlegt samstarf och norðurskautssvæðið (MR-SAM)
9. Dómsmál (MR-JUST)
10. Jafnrétti og LGBTI (MR-JÄM)*
11. Samskiptasvið Norrænu ráðherranefndarinnar
12. Menning (MR-K)*
13. Umhverfi og loftslag (MR-K)
14. Atvinnu-, orku- og byggðastefna (MR-TILLVÄXT)* (Hér hefur svörum frá undirsviðunum þremur um atvinnu-, orku- og byggðamál verið slegið saman)
15. Félags- og heilbrigðismál (MR-S)*
16. Menntun og rannsóknir (MR-U)*

*Fagsvið sem bera sérstaklega ábyrgð á framkvæmd stefnunnar.

Fagsviðin svöruðu spurningalista sem hefur verið í stöðugri þróun og einföldun frá fyrstu greinargerðinni. Þau voru beðin um að gera grein fyrir því hvernig þau hafa unnið með stefnuna og gefa lýsandi dæmi um verkefni og verklag. Þessi greinargerð er byggð á svörum þeirra við þessum spurningalista. Svörin voru upprunalega gefin á dönsku, norsku eða sænsku en þýdd yfir á sænsku fyrir lokaútgáfu greinargerðarinnar.




3. Hvernig sviðin hafa unnið með sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna

Í eftirfarandi kafla er farið yfir það hvernig sviðin hafa lagt áherslu á og fléttað sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starf sitt.

Börn og ungmenni eru forgangsmarkhópur hjá flestum sviðum

Börn og ungmenni eru enn forgangsmarkhópur hjá flestum sviðum og fagsmiðum Norrænu ráðherranefndarinnar og er það í samræmi við þverfaglega stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna. Á meðal þeirra sem svara neitandi er eitt svið sem tekur fram að þar sé ekki verkefni sem miðast sérstaklega að markhópnum. Hins vegar benda öll svið sem svöruðu því til að markhópurinn sé ekki í forgangi á dæmi um stefnumótunarskjöl og verkefni þar sem tillit er tekið til sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna.



Mynd 1: Eru börn og ungmenni markhópur sem nýtur forgangs í vinnu sviðsins?



Flestir benda á dæmi um það hvernig málefni þeirra snerta börn og ungmenni

Nánast öll sviðin lýsa því hvernig málefni þeirra snerta börn og ungmenni.

„Þau málefni sem svið okkar vinnur með hafa áhrif á börn og ungmenni, einkum þar sem margt ungt fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli.“
MR-TILLVÄXT


Sum sviðin gera það með óbeinni hætti, t.d. með því að taka fram að ungt fólk sé eðlilegur hluti af almennari velferðartengdum málefnum eða því að vinna að sjálfbærri þróun. Önnur lýsa með beinum hætti ákveðnum málefnum sem sviðið vinnur við og snertir börn og ungmenni. Nokkur svið sem hafa mikla og beina tengingu við börn og ungmenni, svo sem fagsvið menningar-, félags- og menntamála, lýsa því bæði hvernig börn og ungmenni eru eðlilegur markhópur í vinnu sviðsins og að raddir og sjónarmið þeirra séu ávallt hluti af starfseminni.

„Sjónarmið barna og ungmenna tengjast málefnum sem snerta baráttuna gegn glæpastarfsemi, sérstaklega baráttu gegn mansali og forvarnir gegn glæpum á borð við kynferðislega áreitni á netinu. Þau snerta líka málefni sifjaréttar þar sem höfuðmáli skiptir að huga að því hvað komi börnum best.“
MR-JUST



Hjá næstum því helmingi sviðanna eru unnar ítarlegar greiningar

Næstum því helmingur sviðanna greinir frá því að unnar séu ítarlegar greiningar á því hvernig málaflokkar viðkomandi sviða eru tengdir við börn og ungmenni eða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Mynd 2: Hafið þið greint eða kannað hvernig ykkar svið vinnur með börn og ungmenni eða barnasáttmála SP?

Greiningarnar, og lýsingarnar almennt, eru misnákvæmar og -ítarlegar. **Sviðvinnumála (MR-A)** svaraði spurningunni neitandi en sagði að í starfinu væri almennt tekið tillit til sjónarmiða barna og ungmenna, t.d. við gerð núverandi samstarfsáætlunar sviðsins. **Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS)** skrifaði sömuleiðis að við gerð nýrrar samstarfsáætlunar sé vilji til þess að vinna í fyrsta sinn nákvæma greiningu á grundvelli barnasáttmálans. **Svið jafnréttismála og LGBTI (MR-JÄM)** fékk utanaðkomandi aðila til þess að meta núverandi samstarfsáætlun áður en vinna við nýja samstarfsáætlun hófst. Í matinu var gerð krafa um að raddir ungs fólks fengju að heyrast. Það skilaði sér í mörgum athugasemdum varðandi þemu og málefni sem nú verða teknar til greina við áframhaldandi vinnu.




Sviðfélags- og heilbrigðismála (MR-S) lýsti því nákvæmlega hvernig barnasáttmáli SP hefur verið lagður til grundvallar við skipulagningu og framkvæmd verkefna á sviðum sem tengjast þátttöku og áhrifum, fátækt barna, fötlun og rétti til menntunar. Sviðið tekur einnig fram að gerð verði ný greining sem byggist á barnasáttmálanum í tengslum við gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2024–2030.

„Sviðið hefur til dæmis átt frumkvæði að mörgum verkefnum þar sem markvisst er reynt að styrkja rétt og tækifæri norrænna barna og ungmenna til þátttöku og áhrifa (12. gr.) og unnið að inngildingu og framfylgd réttinda barna og ungmenna með fötlun (12. gr.).“
MR-S

Sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna fléttuð inn í hina ýmsu ferla

Sviðin voru einnig beðin um að tilgreina þá ferla sem sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna eru fléttuð inn í. Sjá mynd 3.

Niðurstaðan sýnir að sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungmenna er einkum fléttað inn í skipulagningu og framkvæmd verkefna og annarra aðgerða. Svörin sýna í tölum það sem margir lýstu jafnframt í orðum, þ.e. að algengt sé að þessum sjónarmiðum sé fléttað inn í gerð samstarfsáætlana og annarra stefnumótandi skjala. 13 af 16 sviðum greindu frá þessu. Sem fyrr er ekki eins algengt að tekið sé tillit til þessara sjónarmiða við stjórn utanaðkomandi aðila eða við fjárhagsáætlunar- eða ákvarðanatökufæri. Tæplega helmingur sviðanna sagði, líkt og svið jafnréttismála (sjá að ofan), að sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungmenna hefði verið fléttað inn í eftirfylgni og mat á stefnumótandi skjölum. Á svareyðublaðinu hafði í ár verið bætt við svarmöguleika sem laut að því hvort sjónarmiðin hefðu verið innleidd í starfið með því að gera kröfur til styrkþega (t.d. með umsóknarskilyrðum eða greinargerð). Helmingur sviðanna sagðist hafa gert þetta. **Svið fjármála (MR-FINANS)** greindi frá því að ekki hefði verið unnið sérstaklega að því að innleiða sjónarmiðin á því tímabili sem um ræðir, sem að sögn má að hluta til rekja til mikillar starfsmannaveltu.



Mynd 3: Inn í hvaða ferla eru sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna fléttuð?



Fléttuð inn í stefnumótandi skjöl margra sviða

Þau 13 svið sem hafa fléttuð sjónarmiðin í stefnumótandi skjöl sín þurftu einnig að gefa upp um hvaða stefnumótandi skjöl er að ræða. Hjá eftirfarandi sviðum hafa sjónarmiðin verið fléttuð inn í samstarfsáætlun. Öll svið sem bera sérstaklega ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í málefnum barna og ungmenna eru þar á meðal.

- Vinnumál (MR-A)
- Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM)
- Dómsmál (MR-JUST)
- Jafnrétti og LGBTI (MR-JÄM)
- Menningarmál (MR-K)
- Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-TILLVÄXT)
- Félags- og heilbrigðismál (MR-S)
- Menntun og rannsóknir (MR-U)

„Flest markmiðin í samstarfsáætluninni taka óbeint mið af sjónarmiðum barna og ungmenna. Í fjórum af markmiðunum er sérstaklega lögð áhersla á börn og ungmenni.“

MR JÄM

Meðal annarra dæma má nefna að í samskiptastefnu Norrænu ráðherranefndarinnar 2020–2024 er tekið mið af sjónarmiðunum. Samkvæmt starfsumboði Stjórnarsýsluhindranaráðsins 2022–2024 á formaður þess að bjóða fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar til fundar á skipunartíma sínum í því skyni að tryggja sjónarmið barna- og ungmenna. Einnig eru dæmi um eyðublöð, vinnuáætlanir, framkvæmdaáætlanir, fjárhagsáætlanir, yfirlýsingar og samninga þar sem gert er ráð fyrir sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungs fólks í störfum ráðherranefndarinnar.



Eigið mat á eflingu sjónarmiðanna á tímabilinu

Í könnun ársins svöruðu sviðin því í fyrsta sinn hvernig þau meti vinnuna við að innleiða sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks á viðkomandi tímabili (2022–2023) samanborið við árin 2020–2021.

Helmingur sviðanna telur vægi þessara sjónarmiði hafa aukist á síðustu árum. Sjö svið svara því til að vægi þeirra hafi verið álíka mikið á tímabilinu. Aðeins eitt svið, **svið dómsmála (MR-JUST)**, segir sjónarmiðin hafa haft minna vægi á tímabilinu og að áhersla hafi verið á innleiðingu þeirra við gerð samstarfsáætlunar.

„Við reynum alltaf að finna nýja leiðir til að innleiða sjónarmið barna og ungmenna.“

Samskipta- og upplýsingasvið



4. Aðgerðir og verkefni sviðanna

Í eftirfarandi kafla eru samantektir á svörum sviðanna við spurningunni um hvort þau hafi veitt „börnum og ungu fólki sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi“ líkt og segir í markmiði númer 11 í framkvæmdaáætluninni. Hér voru sviðin hvött til þess að gefa heildarmynd af viðeigandi verklagi, verkefnum, ritum og öðrum aðgerðum. Í sumum tilvikum hafa lýsingarnar verið stytta vegna lengdartakmarkana. Einnig er nokkrum aðgerðum lýst í næsta kafla þar sem nánar er farið í dæmi um aðgerðir sviðanna sem unnar eru fyrir, með eða af börnum og ungu fólki.

Svið vinnumála (MR-A) segir að börn og ungt fólk myndi sérstakan hóp í umfangsmiklu verkefni MR-A sem miðar að því að auka atvinnuþátttöku meðal viðkvæmra hópa. Verkefnið stendur yfir til ársins 2024 og á árinu 2023 kom út skýrslan [Labour market attachment in the Nordic countries](#) í tengslum við það. Sviðið nefnir einnig verkefni sem gengur út á að kortleggja menntun varðandi vinnuumhverfi, meðal annars fyrir ungmenni, sem gaf út [skýrslu](#) á árinu 2023. Jafnframt er greint frá verkefni Nordregio, [Not “just” a green transition](#), þar sem ungt fólk er sérstaklega markhópurinn. Þá lýsir sviðið því hvernig Norðmenn lögðu í formennskutíð sinni árið 2022 áherslu á inngildingungr fólks í viðkvæmri stöðu í skóla, starfi og samfélaginu. Þá tók OsloMet í samstarfi við aðra norræna fræðimenn saman þekkingaryfirlit þar sem niðurstöðurnar voru ræddar á rafrænu málþingi um inngildingungr fólks í viðkvæmri stöðu sem svið vinnumála og svið félags- og heilbrigðismála stóðu fyrir haustið 2022. Loks nefnir sviðið hið ótímabundna verkefni [Nordjobb](#) sem gengur út á að útvega ungu fólki á aldrinum 18–30 ára sumarstörf og húsnæði.

Svið stafrænna umskipta (MR-DIGITAL) gaf ítarlega lýsingu á verkefnum þar sem börn og ungmenni eru sérstakur markhópur:

- [Cross Border Digital Services \(CBDS\) Programme](#) – Nordregio-verkefni sem ætlað er að byggja upp rafræna þjónustu þvert á landamæri sem auðveldar nám erlendis á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu.
- [CyberBattle Nordic Baltics 2023 \(CBNB\)](#) – stærsta hакkаþon á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu. Megintilgangur CBNB er að auka og efla netfærni og -kunnáttu ungr fólks.
- [Digital inclusion in action](#) – Nordregio-verkefni sem á að stuðla að rafrænum umskiptum fyrir alla í gegnum samvinnu, samráð og þekkingarmiðlun á milli fagfólks og ráðamanna. Skýrslan [Monitoring Digital Inclusion in the Nordic-Baltic region](#) kom út árið 2022.
- [NOBID Consortium](#) – norræna-baltneska tilraunaútgáfan af rafrænu veski ESB.



- **Formennskáætlun Finnlands 2021–2023** – verkefni sem miðar að því að byggja upp kerfi fyrir skipti á gögnum vegna hreyfanleika þvert á landamæri (snertir nám, heilbrigðismál, lagalegar upplýsingar).

Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS) sagði frá því að stofnun sem heyrir undir sviðið, Nordic Forest Research (SNS), tryggji þátttöku og áhrif ungs fólks með því að hafa fulltrúa ungs fólks í **stjórn**. Einnig nefnir sviðið verkefnið **BioEquality** þar sem áhersla er lögð á ungt fólk og **Ný norræn matvæli** þar sem áhersla er á að flétta sjónarmið barna og ungmenna inn í vinnuna í tengslum við sjálfbærar matarvenjur. Sviðið tilgreinir sömuleiðis verkefnið **Sjáum, sáum og smökkum** sem miðar að því að auka skilning barna og ungmenna á sjálfbærri matvælaframleiðslu. Sviðið nefnir einnig verkefnið **PromoKids** sem ætlað er að vinna gegn offitu á meðal barna og ungmenna. Stærsta verkefnið, **Norrænar næringarráðleggingar**, skapar vísindalegan grunn fyrir löndin til að byggja næringarráð sín á með tilliti til heilnæmis og umhverfislegrar sjálfbærni. Þetta gagnast börnum og ungu fólki, einkum í þeim löndum þar sem skólamat er á vegum hins opinbera.

Svið jafnréttismála og LGBTI (MR-JÄM) greinir frá því að starf sviðsins hafi fyrst og fremst miðað að því að virkja ungt fólk eldra en 18 ára með því að bjóða því ræðutíma á mikilvægum fundum og ráðstefnum þar sem ungir sérfræðingar taka þátt á sömu forsendum og fullorðnir. Áhersla var lögð á þetta í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP27) þar sem norrænar hringborðsumræður fóru fram. Auk þess hefur sviðið tekið tillit til radda ungs fólks við stöðumat á núverandi samstarfsáætlun (sjá lýsingu í næsta kafla).

Svið menningarmála (MR-K) nefnir **menningar- og tungumálaverkefnið Volt** fyrir börn auk átaksins **Bókagleypirinn** sem lýst er sem helsta verkefni sviðsins á tímabilinu. Á ráðstefnunni **List og menning fyrir öll** sem haldin var í september 2022 var sjónum beint að inngildingu fólks með fötlun í menningargeiranum og áhersla var lögð á list- og menningarnám barna og ungmenna auk þess sem ungt fólk tók þátt í dagskránni. Einnig nefnir sviðið að stór hluti menningarstofnananna fimm sem heyra undir sviðið líti á þátttöku barna og ungmenna sem mikilvægan þátt. Einnig sagði sviðið frá starfi Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi, NAPA, í tengslum við vinnustofur fyrir börn og ungt fólk þar sem megintilgangurinn er að börn og ungmenni geti fundið sig í norrænu samfélagi og tekið ákvörðun um sína eigin þátttöku í því. Svið menningarmála nefndi líka vinnu Norðurlandahússins í Færeyjum við þverfaglegu áætlunina „Sjálfbær lífstíll“ en verkefninu „Góð markmið í lífinu“, sem heyra undir það, er nánar lýst hér á eftir. Ungt fólk tók þátt í fimm vinnustofum og fjögurra daga ferð til Íslands þar sem unga fólkið skipulagði sjálft og framkvæmdi viðburði og herferðir.



Svið umhverfis- og loftslagsmála (MR-MK) greinir frá styrkjum sem sviðið hefur veitt norrænum æskulýðssamtökum og - netum en slíkir styrkir hafa gert þeim kleift að taka saman tilmæli til ráðherra fyrir pólitíska fundi á borð við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP27, og Stockholm+50. Sviðið mun jafnframt stofna nýjan „æskulýðssjóð“ sem mun fjármagna viðburði sem norræn ungmenni halda eða taka þátt í.

Svið atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-TILLVÄXT) nefnir hið óbeina virði fyrir börn og ungmenni sem felst í áherslu sviðsins á græn umskipti í orkugeiranum sem hafa áhrif á tækifæri komandi kynslóða til að fullnægja orkuþörf sinni og um leið lifa við minni mengun og náttúruspjöll. Einnig nefndir sviðið verkefnið [Gen Z Agency](#) sem nánar er lýst í næsta kafla.

Svið félags og heilbrigðismála (MR-S) greinir frá því að búið hafi verið til þverorrænt samstarfsnet um fyrstu 1000 daga barna. Samstarfsnetið er með þriggja ára starfsumboð og tengir saman sérfræðinga og aðra á félags- og heilbrigðissviði innan landanna í því skyni að ræða hvernig hægt sé að vinna að góðum uppeldisskilyrðum fyrir börn á fyrstu þremur árum á ævi þeirra. Árið 2022 komu eftirfarandi [stefnumótunartillögur](#) út.

Einnig hefur sviðið látið greina afleiðingar kórónuveirufaraldursins með tilliti til einmanaleika, einangrunar og félagslegrar óánægju á Norðurlöndum. Verkefninu lauk í byrjun árs 2023 og niðurstöðurnar voru teknar saman í skýrslunni [The impact of the COVID-19 pandemic on social isolation and loneliness – A Nordic research review](#). Náskýlt verkefni er [Afleiðingar kórónuveirufaraldursins: Réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast](#) sem nánar er fjallað um í næsta kafla.

Í verkefni formennskuáætlunar Danmerkur frá 2020–2022, Norræn ungmenni í sjálfbæru samfélagi, fjallaði svið félags- og heilbrigðismála um þann hluta sem tengdist andlegri heilsu barna og ungmenna. Komið var á fót samstarfsneti sérfræðinga og nokkrar skýrslur voru gefnar út, m.a. skýrslan [A cross-Nordic Mapping of Associative Factors to the Growth of Mental Distress Among Youth](#) en niðurstöður hennar voru kynntar á vefþingum. Norræna velferðarmiðstöðin samræmdi og studdi verkefni um aukinn stuðning við börn sem fæðast með fósturskemmdir vegna áfengisneyslu móður. [Skýrsla](#) með tillögum kom út árið 2022.

Sviðið styrkti einnig stórt borgaralegt verkefni þar sem áhersla var á að koma á fót samstarfi þvert á landamæri á milli stofnana hins borgaralega samfélags á félagslega sviðinu. Þá nefnir sviðið á tímabilinu hafi inngilding ungs fólks í viðkvæmri stöðu verið þema á ráðherrafundum sviðsins. Umræðurnar snerust um aukna vanlíðan á meðal ungs fólks á Norðurlöndum, ástæður fyrir henni og hvernig sporna meggi gegn henni. Á árinu 2021 mun MR-S fylgja samtölunum eftir og ákveða hvernig sviðið muni vinna markvisst



að því að auka (og viðhalda) inngildinguna ungs fólks í viðkvæmri stöðu þegar kemur að námi og atvinnu. Loks segir sviðið frá því að á sviði fötlunarmála hafi ný samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2023–2027 tekið gildi. Eitt af markmiðum hennar er að sjónarmið barna og unglinga verði styrkt í tengslum við norrænt samstarf í fötlunarmálum.

Svið menntamála og rannsókna (MR-U) lagði sérstaka áherslu á það á tímabilinu að veita upplifun barna og ungmenna á kórónuveirufaraldrinum og áhrifum hans á þátttöku, velferð og nám eftirtekt. Meðal annars hefur NordForsk ýtt úr vör [nýju rannsóknarverkefni þessu tengt](#). Á málþingi þegar formennskuáætlun Noregs var kynnt var ungu fólki sérstaklega boðið upp á vettvang þar sem það gat tekið til máls og greint frá reynslu sinni og vangaveltum um hvar megi gera betur. Menntamálasvið tók einnig þátt í þverfaglegu verkefni um tækifæri barna og ungmenna til þátttöku og þróunar í kjölfar kórónuveirufaraldurinn sem lýst var í hlutanum um svið heilbrigðis- og félagsmála hér fyrir ofan. Það beindist meðal annars að nemendaráðum skólanna og tækifærum þeirra til að gæta réttar barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast varðandi ákvarðanir sem varða þau, einnig við neyðarástand.

Sviðið segir einnig frá því að í ýmsum verkefnum í tengslum við formennskuáætlunina hafi sérstök áhersla verið á að láta raddir barna og ungmenna heyrast í norrænu samstarfi. Í verkefnum í framkvæmdaáætlun í tengslum við [menntun til sjálfbærni](#) er t.d. áhersla á skólaþróunarmál í víðu samhengi.

Þekkingarnetið um lýðræði, inngildinguna og samstöðu (svokallað DIS-net) lagði á árunum 2022–2023 sérstaka áherslu á lýðræðisskilning ungs fólks, tjáningarfrelsi og mörk í skólakerfinu auk réttindamála sem snerta börn. Netið hefur staðið fyrir fundum sérfræðinga og málþingum, tekið þátt í útgáfu rits um tjáningarfrelsi fyrir kennara (sem var hluti af útgáfuröðinni Dembra í Noregi) auk þess að taka þátt í væntanlegum mánuði ungs fólks í tengslum við formennskuáætlun Íslands (sjá lýsingu undir vinnu NORDBUK á tímabilinu).

Á árinu 2023 verður ýtt úr vör [átaki til að efla verkmenntun á Norðurlöndum](#). Markmiðið er að virkja ungt fólk á Norðurlöndum með lausnum sem geta laðað fleiri til verknáms.

Einnig nefnir sviðið verkefni á vegum [Nordplus](#) og [Nordplus Junior](#) sem styrkja nemendur til skiptináms innan Norðurlanda á hverju ári. Nordplus Junior styrkir bekkir og nemendur til skólaskipta og greiðir árlega fyrir ýmiss konar samstarfsverkefnum á milli leikskóla, skóla, framhaldsskóla og háskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum. Árið 2022 fengu 109 af 151 umsækjendum styrk. Alls voru veittar 4,5 milljónir evra sem áætlað er að nýtist meira en 6800 nemendum og kennurum til skólaskipta.



Svið stjórnsýsluhindrana (MR-SAM) greinir frá því að á þemaþingi Norðurlandaráðs 2023 hafi Stjórnsýsluhindranaráðið hitt fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar til að ræða um frjálsa för og stjórnsýsluhindranir fyrir ungt fólk. Fundinum verður fylgt eftir með öðrum fundi á þingi Norðurlandaráðs haustið 2023.

Svið sjálfbærrar þróunar (MR-SAM) lýsir því að þátttaka barna og ungmenna hafi verið tryggð með því að hafa fulltrúa ungs fólks í:

- sérfræðihóp um sjálfbæra þróun,
- norrænu samstarfsneti frjálsra félagasamtaka (Nordic Civ) og
- stýrihópi vegna hins þverfaglega verkefnis „Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum“.

Auk þess greinir sviðið frá því að verið sé að koma á fót norrænu neti ungs fólks í tengslum við sjálfbæra þróun sem ætlað er að styðja við fulltrúa ungs fólks í sérfræðihópnum en einnig standa fyrir eigin aðgerðum.

Samskiptasvið hefur komið upp kerfisbundnu samstarfi við ýmis æskulýðssamtök. Má nefna að ungir fulltrúar fá fullan aðgang og yfirlit yfir samfélagsmiðlarásam sviðsins.

Svið fjármála (MR-FINANS), dómsmála (MR-JUST), aðlögunarmála og alþjóðlegs samstarfs og norðurskautssvæðisins (MR-SAM) nefndu ekki nein sérstök dæmi um verkefni eða verklag.



5. Dæmi um verkefni sem unnin eru fyrir, með eða af börnum og ungmennum

Sviðin voru jafnframt beðin um að nefna lýsandi dæmi um aðgerðir eða verkefni sem unnin voru **fyrir, með eða af börnum og ungmennum** á tímabilinu 2022–2023. Eftirfarandi eru nokkur slík dæmi:

Verkefni fyrir börn og ungmenni

Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS):

Sviðið nefnir stuðning við eflingu samstarfsnets á Norðurlöndum í tengslum við **börn og ungmenni og sjálfbærni og matvæli** (innan áætlunarinnar Ný norræn matvæli). Einnig nefnir sviðið auglýsingar um **rannsóknarfé í tengslum við þemað Youth perspective on mitigating climate change in Nordic forests**.

Stjórnsýsluhindranir (MR-SAM): Málefna sviðið **upplýsingaþjónustur vegna frjálsrar farar á Norðurlöndum** tekur reglulega þátt í og stendur fyrir atvinnu- og ráðningarstefnum þar sem áherslan er á að hvetja ungt fólk til aukins hreyfanleika og að vinna í öðru norrænu landi.

Menningarmál (MR-K): Sviðið nefnir nokkrar aðgerðir sem sérstaklega miðast að börnum og ungmennum. Eitt dæmi er Norðurlandahúsið í Færeyjum og vinna við hina þverfaglegu áætlun „Sjálfbær lífsstíll“ sem NORDBUK hefur einnig komið að og styrkt. Undir áætlunina heyrir verkefni sem heitir „Góð markmið í lífinu“ og er upplýsinga- og samskiptaverkefni sem unnið er fyrir ungmenni og af ungmennum. Verkefninu er ætlað að skapa vettvang fyrir ungt fólk þar sem það getur rætt og miðlað þekkingu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og fylgir **reglum og verkferlum þegar Norræna ráðherranefndin fær börn og ungmenni til að taka þátt í starfi sínu**.

Menntun og rannsóknir (MR-U): Í verkefninu „Sjálfbært félagsstarf ungmenna á Norðurlöndum“ í tengslum við formennskuáætlunina voru orsakir á aukinni andlegri vanlíðan meðal ungmenna á Norðurlöndum á árunum 2020–2022 skoðaðar. Kortlagning á bestu starfsvenjum hafði farið fram með áherslu á heildstæðar aðgerðir og tillögur að aðgerðum voru teknar saman í **skýrslu**. Sviðið nefnir einnig **Tegntube** sem er norrænt vefsvæði um táknmál þar sem táknmál er kynnt sem tungumál sem ungt fólk talar. Vefsvæðið er unnið í samstarfi við ungt fólk á Norðurlöndum og er í eigu norræns samstarfsnets um táknmál.



Verkefni með börnum og ungmennum

Jafnrétti og LGBTI (MR-JÄM): Í matinu sem sviðið lét vinna á núverandi samstarfsáætlun 2022 tóku æskulýðssamtök þátt í vinnustofu þar sem þau gátu komið á framfæri sinni sýn á það hverjar áherslurnar eigi að vera í norrænu samstarfi á sviði jafnréttismála og málefna LGBTI. Þá tóku fulltrúar ungs fólks þátt í [norrænum hringborðsumræðum um jafnrétti og græn umskipti](#) með sama hætti og fullorðnir.

Svið atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-TILLVÄXT) nefnir [Gen Z Agency](#) sem er Nordregio-verkefni sem gengur út á að finna og greina frá lausnum sem ungt fólk telur mikilvægar til þess að eftirsóknarvert verði að búa og vinna á strjálbýlum svæðum á Norðurlöndum. Verkefnið byggist á gagnvirkum aðferðum þar sem ungt, fullorðið fólk ræðir áskoranir, forsendur og lausnir. Í gegnum verkefnið mun verða til tengslanet ungs, fullorðins fólks sem taka mun þátt í þemabundnum vinnustofum á árinu 2023.

Aðlögunarmál: Í tengslum við verkefni Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar [um tækifæri barna og ungmenna til þátttöku og þróunar eftir kórónuveirufaraldurinn](#) var hlustað á norræn ungmenni og þau virkjuð, einnig ungmenni af erlendum uppruna. Til dæmis eru til mörg [myndskreið](#) með norrænum ungmennum á borð við Hönnu sem ræða upplifun sína af faraldrinum og hvers vegna rétturinn til að fá að segja sína skoðun skiptir máli á neyðartímum.

Verkefni unnin af börnum og ungmennum

Svið sjálfbærrar þróunar (MR-SAM) nefnir samstarfsnet æskulýðssamtaka sem hóf störf á tímabilinu. Verkefni [norræns samstarfsnets frjálsra félagasamtaka](#) er að láta rödd borgaralegs samfélags heyrast betur í norrænu samstarfi og stuðla að umskiptum í átt til efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbærra Norðurlanda. Verkefnið mun standa til ársins 2024.

Svið umhverfis- og loftslagsmála (MR-MK) nefnir vinnu sína við að tryggja [raddir ungs fólks á loftslagsfundinum Stockholm +50](#).

Svið félags- og heilbrigðismála: Verkefnið [Afleiðingar kórónuveirufaraldursins: Réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast](#) gekk út á að afla þekkingar á því hvernig börn upplifðu að hafa fengið að hafa sitt að segja um þær ákvarðanir sem snertu þau í faraldrinum. Á árinu 2023 kom út [skýrsla](#) þar sem greint var frá upplifun yfir 100 ungmenna af aðkomu sinni.



6. Fyrirsvar barna og ungmenna

Sviðin voru einnig beðin um að svara hvort ungt fólk hafi með beinum eða óbeinum hætti tekið þátt í starfi hópa eða komið að ákvarðanatöku. Eftirfarandi dæmi voru tilgreind:

Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Fulltrúi ungs fólks sat í stýrihóp SNS

Félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Fulltrúi barna og ungmenna sat í stjórn vegna samstarfs á sviði fötlunarmála árin 2021–2022

Menningarmál (MR-K)

Fulltrúar ungs fólks komu að Volt, menningar og tungumálaverkefni fyrir börn og ungmenni, sem sérfræðingar

Sjálfbær þróun (MR-SAM)

Tveir fulltrúar ungs fólks í norræna sérfræðingahópnum um sjálfbæra þróun

Fulltrúar ungs fólks í norrænu samstarfsneti frjálsra félagasamtaka (Nordic Civ)

Fulltrúi ungs fólks í stýrihóp vegna hins þverfaglega verkefnis „Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum“

Sum svið vísuðu til þátttöku ungs fólks í tilfallandi viðburðum og verkefnum. Svið stjórnsýsluhindrana nefndi til dæmis verkefnið „Spennandi starfsnám á Norðurlöndum“ þar sem Norðurlandaráð æskunnar tók þátt í [hugsmiðjunni](#) sem setti tilmælin saman.



7. Starf NORDBUK á tímabilinu

Í eftirfarandi kafla er fjallað um starf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar, NORDBUK, í tengslum við stefnuna á tímabilinu 2022–2023.

Hlutverk NORDBUK er að aðstoða norrænu samstarfsráðherrana (MR-SAM) við innleiðingu, eftirfylgni og mat á stefnunni um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum. Nefndin á jafnframt að styðja fagráðherranefndirnar í því að starfa með réttindi barna og málefni ungs fólks að leiðarljósi og greiða fyrir þverfaglegu samstarfi um málefni barna og ungmenna innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Í þessu skyni stendur NORDBUK einnig fyrir aðgerðum sem byggjast á stefnunni, svo sem að hrinda í framkvæmd verkefnum og öðrum aðgerðum sem tengjast hinum þremur stefnumarkandi sviðum.

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) er ráðgjafar- og samhæfingaraðili Norrænu ráðherranefndarinnar um norræna og alþjóðlega stefnumótun í málefnum barna og ungmenna.

1. Aukinn stuðningur og inngilding fyrir börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu

NORDBUK hefur stutt við mörg verkefni á þessu aðgerðasviði. Meðal annars hefur NORDBUK veitt fé til verkefnisins *Réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast – afleiðingar kórónuveirufaraldursins fyrir börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu á Norðurlöndum* á tímabilinu 2021–2024 sem svið félagsmála greindi frá hér að ofan og vinnur í samstarfi við NVC og NORDBUK. Einnig hefur fé verið veitt til upplýsinga- og samskiptaverkefnis sem unnið er fyrir ungt fólk og af ungu fólki í gegnum áætlunina *Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum*. Markmiðið með áætluninni er að einfalda norrænum neytendum sjálfbært líf og flýta fyrir því að eðlilegt verði að stunda sjálfbæran lífsstíl.

2. Áframhaldandi samstarf og stuðningur við borgaralegt samfélag

Meirihlutinn af fjármagni NORDBUK rennur til *styrkjakerfisins Norðurlönd 0–30*. Markmiðið er að efla samtakamátt barna og ungmenna, áhrif þeirra og þátttöku í pólitískum ferlum, ásamt því að styrkja norræna sjálfsvitund barna og ungmenna. Árið 2022 bárust 88 umsóknir og var 31 samþykkt. Heildarupphæð fjárins sem veitt var nam tæplega einni milljón evra. Síðasta umsóknarlotan af þremur var sú stærsta í sögu



styrkjakerfisins sem bendir til þess að æskulýðssamtök séu að ná aftur styrk eftir faraldurinn. Á meðal umsækjenda eru fáir frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum og frumbyggjasvæðum. Í ársskýrslu Norrænu menningargáttarinnar bendir sérfræðingahópur Norðurlanda 30–0 á þá þróun að í mörgum verkefnum sé ungt fólk þátttakendur strax á skipulagsstigi og að æftar stýri ungt fólk verkefnunum sjálf.

Auk styrkjakerfisins styður NORDBUK félagasamtök, m.a. með fjárveitingu til landsamtaka norskra æskulýðssamtaka (LNU) í tengslum við verkefnið Frivillighetens år 2022. Það fól í sér stuðning við ýmsa viðburði þar sem æskulýðssamtök komu saman til að ræða saman og efla hlutverk sitt í lýðræðinu og það sem þau geta gert til að draga úr jaðarsetningu. NORDBUK styður einnig við verkefnið Norrænan ungmennamánuð og lokaráðstefnu þess á Íslandi í nóvember 2023.

3. Betri þekkingarmiðlun og aukin færniþróun

Mikilvægur hluti starfsins 2022–2023 hefur falist í að taka þátt í innleiðingu á [Stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjónarmiða sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, réttinda barna og málefna ungs fólks](#). Það hefur meðal annars falið í sér stuðning við og þátttöku í mótun fræðslu sem byggist á stefnunni fyrir starfsfólk Norrænu ráðherranefndarinnar. Einnig hefur NORDBUK veitt fé til gerðar svokallaðra réttindamiðaðra greininga fyrir börn og ungmenni hjá Norrænu ráðherranefndinni. Gert er ráð fyrir því að sniðmát fyrir greiningar verði aðgengileg á árinu 2023.

Einn liður í vinnu NORDBUK við að efla þverfaglegt starf fólst í að taka þátt í að fjármagna rannsóknarverkefni um kynferðislegri áreitni á vinnumarkaði sem norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin, NIKK, stendur fyrir 2021–2023. Verkefnið er fjármagnað af jafnréttissviði, menningarsviði, vinnumálasviði og NORDBUK. Á árinu 2023 verður haldin þverfagleg lokaráðstefna þar sem leitast verður við að mörg lönd, sjónarmið og fagsvið eigi fulltrúa. Markhópurinn er einkum stjórnámálamenn og aðilar úr atvinnulífinu sem hafa völd til þess að hafa áhrif á umgjörð og þróun vinnumála á Norðurlöndum, t.d. aðilar vinnumarkaðarins.

Til þess að fylgjast með vinnunni við stefnuna lét NORDBUK vinna utanaðkomandi úttekt á henni vorið 2023. Tilgangurinn var að fá betri mynd af árangri af stefnunni og hvort aðgerðasvið teljist enn mikilvæg. Niðurstöðurnar sýna að unnar hafa verið aðgerðir á öllum sviðum innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Öll stefnumótandi svið stefnunnar eru enn talin mjög mikilvæg. Niðurstöðurnar verða NORDBUK veganesti í aðkomu nefndarinnar að gerð nýrrar samstarfsáætlunar MR-SAM ásamt starfsáætlunum og áætlunum árið 2024.



8. Niðurstöður

Niðurstöður greinargerðarinnar fyrir 2022–2023 sýna að börn og ungmenni eru forgangsmarkhópur í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar. Flest svið geta nefnt dæmi um það hvernig málefni þeirra snerta börn og ungmenni. Næstum því helmingur sviðanna greinir frá því að unnar hafi verið ítarlegar greiningar á því hvernig málaflokkar viðkomandi sviðs tengjast börnum og ungmennum eða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þeim sviðum hefur því fjölgað í samanburði við síðustu greinargerð og er þetta áframhald á þeirri þróun sem greina hefur mátt í síðustu þremur greinargerðum.

Vinnan við að flétta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starfið á sér einkum stað í tengslum við skipulagningu og framkvæmd ýmissa verkefna og við samningu samstarfsáætlana og annarra stefnumótunarskjala. Öll fagsvið sem sérstaklega bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar hafa fléttað sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna inn í samstarfsáætlanir sínar.

Í lýsingum sviðanna á verklagi og aðgerðum á tímabilinu má glöggst greina áherslu á viðkvæma stöðu barna og ungmenna. Eitt dæmi er eftirfylgni með aðkomu barna og ungmenna að ákvörðunum sem vörðuðu þau í kórónufaraldrinum. Annað dæmi er aukin áhersla á andlega vanlíðan barna og ungmenna. Sviðin nefna einnig mörg dæmi um verkefni og aðstæður þar sem raddir barna og ungmenna fá að heyrast með beinni þátttöku þeirra, t.d. sem fulltrúar ungmenna. Það er verklag sem hefur verið í þróun frá útkomu stefnunnar og hægt er að nýta í auknum mæli til þess að tryggja að raddir barna og ungmenna fái að heyrast við ólík tækifæri. Niðurstöðurnar sýna jafnframt mörg dæmi um stuðning og aðgerðir þar sem Norræna ráðherranefndin styður við eigið starf barna og ungmenna.

Almennt sýnir greinargerðin að vinnan við að flétta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starf Norrænu ráðherranefndarinnar hefur styrkst jafnt og þétt. Um leið sýnir hún að þörf er á að efla starfið enn frekar til þess að sett markmið náist. Fleiri fagsvið þurfa að innleiða þetta sjónarmið í almenna starfsemi sína. Þau svið sem lengra eru á veg komin geta jafnframt skerpt á verklagi og þróað það frekar. Eins og fyrri greinargerðir sýna er til dæmis hægt að benda á að taka þurfi auknið tillit til sjónarmiða réttinda barna og málefna ungs fólks við ákvarðanatöku og gerð fjárhagsáætlunar. Sömuleiðis má gera þessum sjónarmiðum hærra undir höfði við eftirfylgd með starfseminni og í þeim kröfum sem gerðar eru til utanaðkomandi aðila. Einnig er mikilvægt að efla verklag þar sem raddir barna og ungs fólks fá að heyrast á öllum stigum. Þessar niðurstöður mun NORDBUK taka með sér inn í vinnu MR-SAM við nýja samstarfsáætlun. Eigi Norðurlönd að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030 er mikilvægt að störf Norrænu ráðherranefndarinnar einkennist af því að öll börn og ungmenni skipti máli hér og nú, ekki aðeins í framtíðinni.